

Kópavogi, 4. febrúar 2019.

Ágæti skólustjóri.

Hér eru nokkur atriði sem við viljum minna á í aðdraganda samræmdra könnunarprófa í 9. bekk í mars. Prófin verða haldin mánudaginn 11. mars til miðvikudagsins 13. mars.

Upplýsingar um prófin og framkvæmd þeirra

Á vef [Menntamálastofnunar](#) er að finna allar upplýsingar um könnunarprófin. Þar eru [leiðbeiningar um framkvæmd](#), góðar upplýsingar um ferlið og fleira.

Skráning stuðningsúrræða og undanþága

Skrá þarf stuðningsúrræði og undanþágur nemenda fyrir miðnætti **mánudaginn 25. febrúar** í [Skólagátt](#). Eyðublöð fyrir [umsóknir](#) um stuðningsúrræði og undanþágur má finna á heimasíðu stofnunarinnar.

Innskráning í próf á prófadögum

Til að draga úr álagi er hvatt til þess að nemendur hefji próftöku með ákveðnu millibili. Hefji allir nemendur próftöku á sama tíma getur orðið mikið álag á netkerfi skóla og á prófakerfið. Til að minnka líkur á hvers konar tæknilegum vandamálum er farsælt að dreifa álagi eins og kostur er. Mælst er til þess að skólustjórar ákveði að upphaf próftöku nemenda verði með jöfnu millibili. Til dæmis að skipta nemendahópnum í fjóra hópa þar sem hver hópur hefur próftöku með 5 eða 10 mínútna millibili. Aðstæður eru ólíkar og eru skólustjórar hvattir til að útfæra þetta eins og hentar á hverjum stað.

Gátlisti og viðbragðsáætlun

Mikilvægt er að skólar undirbúi vel framkvæmdina og geri viðbragðsáætlanir gagnvart hvers konar hnökrum á prófdögum. Á vef Menntamálastofnunar má sjá [viðbragðsáætlun](#) stofnunarinnar og [gátlista skóla](#) sem gagnlegt er fyrir skólustjórnendur og/eða umsjónaraðila prófanna að kynna sér.

Kynningarpróf

Með [kynningarprófunum](#) geta nemendur, kennarar, foreldrar og aðrir áhugasamir kynnt sér prófakerfið. Jafnframt er gagnlegt fyrir kennara að skrá sig inn í kynningarpróf, m.a. til að sjá hvernig prófakerfið og veflás virka.

Upplýsinga- og fyrirspurnarfundir (fjarfundir) í febrúar

Líkt og áður munum við bjóða upp á fyrirspurnartíma eða fjarfundi þar sem starfsmenn skóla geta átt samtalið við starfsmenn Menntamálastofnunar, lagt fram fyrirspurnir og fengið svör við þeim. Þessir fyrirspurnatímar hafa gefist vel og eru upplýsandi fyrir alla aðila. Við viljum endilega fá umsjónaraðila prófa, kennara, tölvufólk og aðra til að tengjast fundunum og koma með spurningar um undirbúning prófanna.

Fyrirspurnartímar verða haldnir eftirtalda daga:

Mánudaginn 11. febrúar, kl. 14:30

Miðvikudaginn 20. febrúar, kl. 14:30

Mánudaginn 25. febrúar, kl. 14:30

Mánudaginn 4. mars, kl. 14:30

Miðvikudaginn 6. mars, kl. 14:30

Þeir sem vilja taka þátt í fundunum eru beðnir að tilkynna þátttöku sína með því að senda tölvupóst á gunnhildur.steinarsdottir@mms.is

Bréf til nemenda og foreldra

Nú eru upplýsingabréf til nemenda í 9. bekk og forráðamanna þeirra aðgengileg á [heimasíðu](#) stofnunarinnar. Þau hafa verið þýdd á ensku og pólsk þýðing þeirra er væntanleg. Við óskum eftir því að skólar komi þeim til nemenda og foreldra/forráðamanna.

Hafið samband ef eitthvað er

Ef þörf er fyrir frekari upplýsingar eða stuðning vegna prófanna, vinsamlega sendið fyrirspurnir á netfangið prof@mms.is Starfsfólk í þjónustuveri Menntamálastofnunar er ávallt tilbúið til að aðstoða í síma 514-7500.

Með kveðju,
Sverrir Óskarsson,
sviðsstjóri matssviðs.